

## Um helgina

Leirlistarfélagið

### Síðustu sýningar-dagar

Um helgina eru síðustu sýningar dagar á keramik-sýningu Leirlistar félagsins í Listmunahúsinu í Lækjargötu.

Sýningin verður opin á laugar-dag og sunnudag frá kl. 14—18 báða dagana.

Góð aðsókn hefur verið að sýningunni.

### Smælki í Galleri Langbrók

Um þessa helgi eru síðustu forvöð að sjá sýningu þeirra Langbróka, á smælkinni sinni, en þær sýna allar myndverk, sem takmarkast við fimmtán sentimetrana.

Galleri Langbrók er opið milli kl. 14 og 16 bæði laugardag og sunnudag.



Frá generalprufunni s.l. sunnudag. Ljós. SBI.

Geysisgos kl. 16 á sunnudag!

## Frum-sýning í Haukadal

Ef ferðahópar eða ferðaskrifstofur óska þess verður Geysir í Haukadal látinn gjósa kl. 16 á sunnudögum í sumar, þó ekki sunnudaginn 4. júlí n.k.

Fyrsta „túristagosið“ af þessu tagi verður nú um helgina, sunnu-

daginn 27. júní og eru þeir sem hafa áhuga á að sápa verði látin í hverinn í því skyni beðnir að snúa sér til Þóris Sigurðssonar í Haukadal.

Það er Geysisnefnd sem ákveðið hefur „túristagosið“ en nefndin hefur nýlega látið lagfæra skemmdirnar sem unnar voru við

hverinn á síðasta sumri. Generalprufa var á gosi sl. sunnudag eins og Þjóðviljinn skýrði frá og þótti hún takast vel.

Athygli er vakin á því að fara verður mjög varlega um á Geysissvæðinu, sérstaklega við Geysi sjálfan. Sett hefur verið upp girðing umhverfis hverinn.

Kjarvalsstaðir:

## Af trönnum Kjarvals og sýniljóð Magnúsar



Meistari Kjarval.

Nú fer senn að liða að lokum sýningar Kjarvalsstaða á Sýniljóðum og skúlpúrum Magnúsar Tómassonar, en sýning hans er að verulegu leyti afrakstur síðasta árs, þegar hann var á sérstökum launum sem Borgarlistamaður, en Magnús er fyrsti listamaðurinn, sem nýtur þessara launa, sem greidd eru af Reykjavíkurborg.

Sýning Magnúsar hefur fengið þá dóma, að hún sé afar vel gerð og verkin eru yfirleitt hómörsk — sjálfur segir Magnús í sýningarskrá að Sýniljóð sé eitt-hvad „sem er of tengt ljóði til þess að geta verið mynd og of myndrænt til þess að geta verið ljóð, eða: ekki nógu myndrænt til þess að geta verið mynd og heldur ekki nógu ljóðrænt til þess að vera ljóð“.


Myndefni sin sækir Magnús m.a. í sögu flugsins og grisku goðafræðina, og það ætti enginn að verða svikinn af því að rölja um ganga Kjarvalsstaða, sem hefur verið breytt í sýningarsal fyrir þessa sýningu Magnúsar.

„Af trönnum Kjarvals“

Þá hangir enn uppi Kjarvals-sýningin „Af trönnum Kjarvals“, sem Gylfi Gíslason hefur tekið saman ásamt þeim Jóhannesi Reykdal og Þóru Kristjánsdóttur, listráðunaut Kjarvalsstaða.

Sú sýning hefur, eins og mörgum mun þegar kunnugt, á sér annað yfirbragð en fyrri Kjarvalssýningar, og einnig annan tilgang — að sjálfsögðu er reynt að gefa hugmynd um Kjarvalssafn borgarinnar, en þó farið ótröðnar leiðir.

Gerð er tilraun til að lýsa ferli Kjarvals með myndröð og texta-athugasemum, og er sú tilraun ef til vill visir að annars konar aðferð í fræðslu um Kjarval og list hans.



Kristinn Pétursson frá Bakka í Dýrafirði var e.t.v. ekki meðal þekktustu myndlistarmanna — enda gerði hann í því, einkum á síðustu árunum að fela myndir sínar sjónum manna.



Björn Th. Björnsson kallaði landslagsmyndir Kristins „vötn á himni“ í Listasögunni sinni. Þar sem þar séu „ljóðræn hugsun um blæ og birtu fremur en bein mynd landslags“

## Yfirlitssýning á verkum Kristins Péturssonar

# Vötn á himni

virki hennar. Því getur það gerst, að við sjáum fagurt listaverk og undrumst það, að við höfum aldrei heyrt höfundarnafnið nefnt. Engu vil ég spá um, hvort Kristinn Pétursson verði í þeim hópi, en gerist það, munu mörg handverk hans um langa hríð, vekja sömu undrun.

Þannig skrifaði Björn Th. Björnsson í bók sína Íslensk myndlist á 19. og 20. öldum Kristin Pétursson, myndlistamann, árið 1973. Niu árum síðar gefst Birni færi á að dæma Kristinn aftur, og þessi er dómurinn:

„Og það er sannarlega undrun sem verk þessi vekja, og munu um langa hríð. Í þeim sem hér hafa verið tekin til sýnis, sannast sá grunur á glæsilegan hátt, að

Kristinn Pétursson rataði það bil, þar sem hið huglega listviðhorf 20. aldar og frásagnarhefðin smeltast saman í ljóðræna ljáningu, myndljóð, þar sem staðreynd er aðeins kveikja, en hugur listamannsins allur gerandi. Andinn er þar ofar efninu, sem í allri góðri list.“

Kristinn Pétursson frá Bakka í Dýrafirði er e.t.v. ekki meðal þekktustu myndlistarmanna landsins — hann gerði enda í því að fela myndir sínar, sína síðustu sýningu hélt hann í vinnustofu sinni í Hveragerði árið 1954. Síðan hefur þagnarhjúpur hulið þær sjónum — þar til nú, að Listasafn alþýðu heldur yfirlitssýningu á verkum hans. Kallast sú sýning „Vötn á himni“. Kristinn lést í

september á síðasta ári og áskotnaðist þá Listasafninu verk hans. Verk hans eru ekki lengur hulin og því hægt að dæma manninn á ný. Og eins og Björn Th. segir: „...í umsjá íslenskrar alþýðu mun hann lifa því framhaldslífi sem eitt er óhrekjandi staðreynd: lifinu í hugverkum sínum.“

Sýningin í Listasafni alþýðu er opin frá kl. 14—22, en henni lýkur á morgun, sunnudag 27. júní. Full ástæða er til þess að hvetja fólk að sjá þessa forvitnilegu sýningu. Ekki spillir fyrir, að á kaffistofunni eru sýndar litskyggjur af listaverkum Kristins og einnig er þar upplestur með vangaveltum hans um eigin list.

ast

„Sagan er ekki einhlit dómari. Henni vill skjótast yfir þá menn sem ekki hafa verið öfl í gang-